



Kennari: Svanur Ingvarsson (svanur@fsu.is)

Skammstöfun: SI

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um smíði tréstiga innanhúss með áherslu á algengustu útfærslur þeirra, samsetningar, smíði og yfirborðsmeðferð. Nemendur læra að búa til skapalón í fullri stærð eftir teikningum og hvernig þau eru notuð til að smíða þrep, stigakjálka og stigahandrið með rimlum m.m. Nemendur fá þjálfun í að smíða tréstiga eða einstaka hluta þeirra í smækkaðri mynd og nota til þess hefðbundin áhöld og algengar trésmíðavélar. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og fer fram á námskeiði tvær helgar í Hamri.

Kennsludagar:

fös. 8. mars. kl. 16:00 – 19:00, lau. 9. mars. kl. 08:00 – 18:00

fös. 22. mars. kl. 16:00 – 19:00, lau. 23. mars. kl. 08:00 – 18:00

(fös. 29. mars kl. 16:00 – 19:00 til vara ef vantar tíma til að klára)

Markmið áfangans

Að nemendur

- Þekki smíðaefni sem notað er í tréstiga og handrið innanhúss
- Kunni skil á áhöldum og tækjum til smíði tréstiga og handriða innanhúss
- Þekki samsetningaraðferðir á tréstigum og handriðum innanhúss
- Kunni skil á yfirborðsmeðferð tréstiga og handriða innanhúss
- Geti smíðað snúinn tréstiga með eða án handriðs og sett upp

Kennslugögn

- Verkefni og faglegt efni sem kennari afhendir

Verkefni

- Smíðaður verður tréstigi í smækkaðri mynd

Námsmat

- Smíðamunir og símat 80 %
- Skrifleg próf 20 %
- Krafist er 100 % mætingar